



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

41. ÁRG. 1. TBL. Aðventa og jól 2021



Birta stafar frá kirkjunni - mynd: Árni Helgason

Upplýsingar um dagskrá Seljakirkju um jól og áramót eru á baksíðu

Nú kemur heimsins hjálparráð

Aðventan gengur í garð á sunnudaginn. Þá fer þessi tími í hönd þar sem við undirbúum hug, hjörту og heimili fyrir jólahátíðina. Aðventa og jól eiga sérstakan sess í huga hins kristna manns. Þá finna margir svo sterkt hve gott er að geta sótt til samfélags í kirkjunni, og einkum vegna þess að áherslan hvílir á að undirbúa komu barnsins sem lagt var í jötu

sem fagnað er þegar jólahátíðin gengur í garð. Þó við búum enn við fjöldatakmarkanir verður helgihaldið með hefðbundnu sniði í fyrirsjáanlegri framtíð og vonandi mun létta yfir þegar nær dregur jólum – svo við getum komið saman, sungið jólasálmana og fagnað á helgri hátíð.

Ólafur Jóhann Borgþórsson

Upplýstir gluggar

– Kvenfélag Seljasóknar er ómetanlegur stuðningur við kirkjuna

Kvenfélag Seljasóknar fagnaði 40 ára afmæli sínu á þessu ári og hefur frá upphafi lagt áherslu á uppbyggingu samfélagslegrar þjónustu í Seljahverfi, m.a. unnu félagskonur gríðarmikið starf við uppbyggingu kirkjunnar auk þess sem þær hafa lagt mikla fjármuni til fjölmargra annarra brýnna góðgerðarmála. Nýverið gaf kvenfélagið lýsingu í steinda glugga kirkjunnar svo þeir fái notið sín enn betur - ekki síst yfir vetrarmánuðina. Eins og sést á forsíðumynd

Safnaðartíðindanna, njóta gluggalistaverkin sín nú mun betur í skammdeginu.

Kvenfélaginu eru færðar alúðarþakkir fyrir þessa höfðinglegu gjöf og mikinn velvilja gagnvart kirkjunni allt frá því að félagið var stofnað.

Formaður kvenfélagsins er Elsa Jóna Sveinsdóttir og tekur félagið fagnandi á móti nýjum félagskonum en fundir kvenfélagsins eru að jafnaði fyrsta þriðjudag hvers mánaðar yfir vetrarmánuðina.



Fallegur hökull gefinn kirkjunni

Á síðasta ári var Seljakirkju færður að gjöf einstaklega fallegur hökull og með honum tvær stólar, en vegna samkomutakmarkana var ekki hægt að helga hann og taka í notkun fyrr en sl. hvítasunnudag. Hökullinn er rauður, ofinn með gylltum þræði og á honum eru tákn heilags anda en rauði liturinn er í helgihaldi kirkjunnar tákn heilags anda og kærleikans. Margrét Björk Andrésdóttir færði kirkjunni sinni þessa veglegu gjöf til minningar um eiginmann sinn, Aðalstein Viðar Júlíusson, sem lést í mars á síðasta ári.

Aðalsteinn var síðustu árin í sóknarnefnd Seljakirkju auk þess að vera trúfastur þátttakandi í helgihaldi kirkjunnar. Hann vildi veg kirkjunnar sem mestan og leitaðist við að efla starf hennar á allan hátt og lagði einnig til ýmsar umbætur á húsnæði kirkjunnar. Aðalsteinn hafði meðal annars veg og vanda að því að bæta hljóðvistina í safnaðarsal kirkjunnar og var honum umhugað um að allir gætu notið þess að koma þar saman. Aðalsteins er minnst með virðingu og þökk, Guð blessi minningu hans.



Fréttir

Nýr flygill

Fyrir rúmum þrjátíu árum gaf Kvenfélag Seljasóknar kirkjunni vandaðan flygil sem hefur reynst afskaplega vel í gegnum áratugin. En það slitnar sem mikið er notað og fyrir nokkru var ljóst að endurnýjunar hljóðfærisins væri þörf. Síðastliðið haust festi söfnuðurinn kaup á nýjum flygli sem þegar hefur verið tekinn í notkun. Hljóðfærið er framleitt af Stainway & sons og munu hljómar þess prýða helgihald kirkjunnar um ókomin ár.

Fastur

streymisbúnaður

Reglur um fjöldatakmörkanir hafa haft veruleg áhrif á allt helgihald og athafnir í kirkjum landsins, ekki síst í Seljakirkju, þar sem margir vilja eiga sínar dýrmætu stundir, jafnt í gleði og sorg. Til að bregðast við þessum aðstæðum ákvað sóknarnefnd að festa kaup á fullkomnum streymisbúnaði í kirkjuna, þar sem einfalt er að streyma athöfnum á heimasíðu kirkjunnar. Fjöldi fólks hefur nýtt sér búnaðinn sem var ekki lengi að sanna gildi sitt.

Fylgist með!

Öll dagskrá aðventu og jóla er auglýst með fyrirvara um að fjöldatakmörkanir setji viðburðum ekki skorður. Þegar nær dregur verður dagskráin betur kynnt á heimasíðu kirkjunnar og til hvaða ráðstafana verður gripið ef takmarkanir verða enn í gildi. Slóðin er www.seljakirkja.is auk þess sem finna má kirkjuna á facebook.



Safnaðartíðindi Seljasóknar
41. árg. 1. töl. Aðventa og jól 2021
Seljakirkja

Hagaseli 40, 109 Reykjavík. s: 567 0110.
Ritstjórn og ábyrgð: Ólafur Jóhann Borgþórssón.
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson.
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.

Dagskrá aðventunnar

Vegna sóttvarnareglna og fjöldatakmörkanna var ekki hjá því komist að fella niður ýmsa viðburði sem fyrirhugaðir voru fyrstu tvo sunnudaga aðventunnar, m.a. aðventuhátíð, menningarvöku eldri borgara og tónleika, en helgihald verður með hefðbundnu sniði þessa

daga. Ef takmarkanir verða rýmkaðar verulega verður dagskráin hátíðleg þriðja og fjórða sunnudag aðventunnar.

Sunnudaginn 12. desember verður helgihald með hefðbundnu sniði og klukkan 17 verða **árlegir aðventutónleikar Karla-kórins**

Fóstbræðra sem syngja undir stjórn Árna Harðarsonar. Ókeypis aðgangur er að tónleikunum. Á fjórða sunnudegi aðventunnar, 19. desember, verður **jólaball sunnudagaskólans** kl. 11 og guðsþjónusta kl. 13.

Jólaórói

– stuðningshópur fyrir þau sem kvíða aðventu og jólum

Það hlakka ekki allir til jóla og mörgum reynast vikurnar sem framundan eru erfiðar. Aðventan getur vakið upp ýmsar tilfinningar sem gott er að geta rætt við aðra í öruggum hópi. Það getur

verið erfitt að takast á við jólaóróann sem stundum vill setjast að innra með okkur þegar líða fer að jólum, sérstaklega þegar samfélagið gefur þau skilaboð að allt eigi að vera svo gott og gleðilegt í desember. Alla

þriðjudaga til jóla kl. 19-21 verður boðið upp á fræðslu og stuðningshópa þar sem m.a. verður fjallað um kvíða, depurð, samskipti í fjölskyldum og sorgina. Samverurnar eru öllum opnar og skráning á seljakirkja@kirkjan.is

Vinavoðir á nýju ári

Það er gott að geta vafið hlýju sjali um sig og enn betra ef sjalinu fylgja góðar bætur og blessunaróskir. Á nýju ári verður boðið upp á samverustundir einu sinni í mánuði sem kallast vinavoðir þar sem þjónuð eða heklud verða bænastjól sem prestarnir geta

síðan fært þeim sem glíma við veikindi eða standa á krossgötum í lífi sínu. Vinavoðir byggjast á samveru þeirra sem hafa ánægja af handavinnu, vilja gjarnan vera í þjónahópi og láta um leið gott af sér leiða með hlýjum bænastjólum. Bæði garn, þjónar og

uppskriftir verða á staðnum og hægt að fá góðar leiðbeiningar frá reyndum þjónakönnum til þess að fitja upp og koma sér af stað. Fylgist vel með á heimasíðu kirkjunnar og á facebook í byrjun árs.

Jólasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar

Það er víða sem fólk býr við hungursneyð. Kristin trú minnir okkur á að styðja við þá sem búa við þrengingar. Hjálparstarf kirkjunnar veitir mannúðaraðstoð í samstarfi við Hjálparstarf Lútherska heimssambandsins, LWF DWS, og systursamtök og stofnanir í Alþjóðlegu hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance, sem samhæfir mannúðaraðstoð með hjálparstofnunum Sameinuðu

þjóðanna og starfar eftir ströngustu stöðlum um faglegt hjálparstarf. Á starfsárinu júlí 2019 - júní 2020 sendi Hjálparstarf kirkjunnar rúmar 39 milljónir króna til mannúðaraðstoðar systurstofnana í Malaví, Sýrlandi og Jórdaníu vegna átakanna í Sýrlandi og í Írak. Auk þess gegnir Hjálparstarf kirkjunnar þýðingarmiklu hlutverki hér heima. Hjálparstarf kirkjunnar veitir fólki í félagslegri neyð efnislega

aðstoð í samvinnu við presta, djákna, félags- og námsráðgjafa um land allt auk þess sem lögð er mikil áhersla á styðja félagslega stöðu skjólstaðinga sinna. Þú getur tekið þátt í jólasöfnun Hjálparstarfsins með því að greiða valgreiðslu í heimabanka. Einnig er hægt að hringja í styrktarnúmer 907 2003 (2.500 kr.) eða leggja inn á söfnunarreikning: 0334-26-50886 kt. 450670-0499.

Guðsþjónustur um jól og áramót

24. desember aðfangadagur jóla

- | | |
|-----------|---|
| kl. 11 | Guðsþjónusta í Seljahlíð
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar |
| kl. 15 | Beðið eftir jólunum - jólastund barnanna
Barnakórinn syngur undir stjórn Rósalindar Gísladóttur
Prestar kirkjunnar leiða stundina |
| kl. 18 | Aftansöngur
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar |
| kl. 23.30 | Miðnæturguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir predikar
Hildigunnur Einarsdóttir syngur einsöng
Schola cantorum syngur |

25. desember jóladagur

- | | |
|--------|---|
| kl. 14 | Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson predikar |
|--------|---|

31. desember gamlársdagur

- | | |
|--------|--|
| kl. 17 | Aftansöngur
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir predikar |
|--------|--|

1. janúar nýársdagur

- | | |
|--------|--|
| kl. 14 | Hátíðarguðsþjónusta
Sr. Bryndís Malla Elíadóttir predikar |
|--------|--|

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar.
Organisti er Tómas Guðni Eggertsson.